

Fundargerð verkefnaráðs 15.11.2022

Spjallmenni.....	2
Stafræn lausn til atkvæðagreiðslu í Borgarstjórn	5
Umræður.....	6

Verkefnaráðsfundur 15.11.2022

Verkefni Verkefnaráð	Yfirskrift fundar Verkefnaráðsfundur 15.11.2022
Dagsetning 15.11.2022	Staðsetning Borgartún
Mættir: Arna Ýr Sævarsdóttir, Ásta Þöll Gylfadóttir, Edda Jónsdóttir, Óskar Sandholt, Þróstur Sigurðsson,	
Fjarverandi: Friðþjófur Bergman	
Fundarritari: Edda Jónsdóttir	

Dagskrá fundar

1. Spjallmenni
2. Endurskoðuð tillaga um frístund.is + úrræðakort, niðurstaða forgreiningar
3. Önnur mál

Spjallmenni

Reykjavíkurborg hefur lengi skoðað möguleikann á því að innleiða spjallmenni sem hluta af framlínubjónustu borgarinnar. Ljóst er að tækifæri í notkun spjallmenna, eins og víða hefur komið fram, eru mikil og felast m.a. í bættri og nútímalegri bjónustu við íbúa, sem og að ef vel er að staðið getur það einnig leitt af sér minna álag og bætt upplýsingaflæði í bjónustuveitingu borgarinnar. Þá er um leið þó hættu á að annað álag aukist við innleiðingu spjallmennis, sér í lagi ef stjórnun verkefnisins er ekki nógu góð og ef ekki eru nægar auðlindir til að sinna þörfum þess.

Samband íslenskra sveitarfélaga kaus að leggja áherslu á sameiginlega innleiðingu spjallmennis árið 2022. Sambandið hefur unnið grunnvinnu um mögulega uppbyggingu verkefnisins og nánar má kynna sér þær niðurstöður í fylgigögnum þessarar fundargerðar. Grunnmarkmið Sambandsins í þessu verkefni er, líkt og fram kemur í skýrslu þeirra, „að hanna sameiginlegan tæknigrunn fyrir spjallmenni fyrir sveitarfélögin, kaupa sameiginlega lausn sem er aðlöguð að hverju sveitarfélagi og að fleiri bjónustubeiðnir séu afgreiddar í fyrstu snertingu án aðkomu starfsfólks“.

Stýrihópur hefur verið stofnaður hjá Sambandinu vegna verkefnisins og hefur verið fundað reglulega frá í maí 2022 og þar koma að sérfræðingar frá fimm sveitarfélögum m.a. Reykjavíkurborg. Búið er að framkvæma forgreiningu af hálfu Sambandsins þar sem m.a. var haldin vinnustofa í ágúst 2022 með aðkomu 11 sveitarfélaga og var Reykjavíkurborg þar á meðal.

Niðurstöður vinnustofunnar, forgreiningarinnar, ólíkra sviðsmynda af þátttöku með stýringu frá Sambandinu auk tillaga að kostnaðarskiptingu má lesa í fylgigögnum þessarar fundargerðar.

Reykjavík hefur innleitt Genesys samskiptalausn, sem ætti að geta tengst öllum “opnum” spjallmennum. Samskiptalausnina þarf að aðlagða að notkun spjallmennins og sú vinna þyrfti að framkvæma að mestu af hálfu starfsfólks Reykjavíkurborgar með aðstoð birgja lausnarrinnar.

Þá hefur Confluence, viskubrunnur verið innleiddur hjá borginni sem gæti nýst sem grunnur fyrir spjallmenni. Aðlaga þarf upplýsingarnar í viskubrunninum með það að markmiði að nýta þær sem best í mögulegu spjallmenni. Sú vinna þyrfti að fara fram með sviðum borgarinnar sem og að stór þáttur hennar yrði framkvæmdur af þjónustuveri borgarinnar.

11 sveitarfélög hafa nú þegar samþykkt og sett til hliðar allt að 30 milljónir í verkefnið árið 2022. Sambandið kallar eftir þátttöku fleiri sveitarfélaga og vænta svars frá Reykjavíkurborg sem fyrst. Þá sér í lagi er óskað eftir svari sem fyrst af hálfu borgarinnar þar sem endanlegur kostnaður sveitarfélaga fer eftir fjölda þátttakenda og byggir kostnaðarhlutdeild á fjölda íbúa í hverju sveitarfélagi þannig að ljóst er að ákvörðun Reykjavíkurborgar hefur mikið þar að segja.

Skrifstofustjóri þjónustu og umbreytinga og deildarstjóri framlínu Reykjavíkurborgar leggja áherslu á að vilji er hjá þjónustuveri RVK og rafrænni þjónustumiðstöð Velferðarsviðs borgarinnar að taka þátt í verkefninu. Þá er lögð gríðarleg áhersla á mikilvægi þess að verkefninu verði fylgt vel eftir og að haldið verði vel utan um alla verkþætti þess, tryggðar séu auðlindir til framkvæmdar og að tryggt sé að spjallmennið verði í sífelldu umbótaferli á meðan að það er í notkun.

Skrifstofustjóri þjónustu og umbreytinga og deildarstjóri framlínu Reykjavíkurborgar leggja fyrir verkefnaráð þON eftirfarandi tillögur til ákvörðunar (nánari uppl. í fylgigögnum þessarar fundargerðar):



Ákvörðun

Leið A

Reykjavík dragi sig út úr samstarfinu og sjái til með að fara í vinnu með spjallmenni síðar

Leið B

Reykjavík taki þátt í samstarfinu um vinnslu spurninga og grunnskipulags fyrir spjallmenni og greiði hluta í ráðgjafa og verkefnastýringu hjá sambandinu

Færum í POC með lausnina sem sambandið ætlar að nýta í ár og ef vel gengur, verðfyrirspurn að því loknu

Leið C

Reykjavík taki þátt í samstarfinu um vinnslu spurninga og grunnskipulags fyrir spjallmenni og greiði hluta í ráðgjafa og verkefnastýringu hjá sambandinu

Förum samhliða í verðfyrirspurn um spjallmenni fyrir hönd allra (sambandið getur leitt eða við, en ef okkar umfang er yfir 50% berum við ábyrgð á innkaupunum)

Spjallmennið í Fylkinu:

Spjallmenni	Forgreining	SÍS	3	3	1	2	5	2	2.33
Spjallmenni - 15.nóv 2022			4	3	1	4	5	2	2.67*

*Niðurstaða úr forgreiningu verkefnisins er að skor þess hækkaði í Fylkinu.

Niðurstaða Verkefnaráðs

Ákveðið er að Þjónustu- og nýsköpunarsvið Reykjavíkurborgar fari leið C svk. kynningu á verkefninu. Þar er átt við að Reykjavíkurborg mun taka þátt í samstarfinu um vinnslu spurninga og grunnskipulags fyrir spjallmenni og greiði hluta í ráðgjafa og verkefnastýringu hjá Sambandinu. Þá var ákveðið að fara samhliða í verðfyrirspurn um spjallmenni fyrir hönd allra sveitarfélaga sem taka þátt í verkefninu. Hafa þarf í huga að skoða hvort Sambandið eða Reykjavíkurborg leiði innkaupin en það ræðst af því hvert umfang borgarinnar verður í verkefninu. Ef umfang Reykjavíkurborgar er meira en 50% þá ber borgin ábyrgð á innkaupunum ef umfangið er minna þá mun Sambandið bera ábyrgðina á innkaupunum.

Formlegt svar til Sambandsins skal unnið af hálfu Reykjavíkurborgar og komið til skila sem fyrst.

Þá skal skoða hvernig Ríkið stóð að útboði um spjallmenni og skoða skal hvort þau innkaup nái einnig til sveitarfélaga og gæti mögulega nýst í umræddu verkefni.

Verkefnið verður vísað til verkefnastjóra á ÞON sem mun halda utan um alla verkþætti sem snúa að borginni. Verkefnið skal þá einnig vera unnið í nánú samstarfi við lögfræðiteymi RVK og þá skal lögfræðiteymi ÞON vera upplýst strax um verkefnið.

Framvindan verkefnisins skal upplýst til verkefnaráðs eigi síðar en fyrsta verkhluta er lokið.

Eigandi verkefnisins hjá Reykjavíkurborg skal vera Elísabet Ingadóttir, deildarstjóri framlínu.

Ákvarðanir

Nr.	Ákvörðun
	Verkefnaráð samþykkir einróma að fara leið C.
	Senda Sambandinu formlegt svar um að Reykjavíkurborg hafi ákveðið að fara í samstarf, svk. Leið C (sjá fundargerð)
	Verkefnið úthlutað til verkefnastjóra

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðili	Lokið
	Hagaðilar verkefnisins eru upplýstir um ákvörðun verkefnaráðs. Rapport fundur haldin með deildarstjórum ÞON v. málsins	EJ	
	Tengilið Reykjavíkurborgar við Sambandið, Ástu Þöll Gylfadóttir, er falið að vinna með lögfræðiteymi ÞON og skrifstofustjóra skrifstofu sviðsstjóra ÞON að formlegu svari af hálfu borgarinnar til Sambandsins um komandi samstarf. Formlegt svar skal sent af hálfu skrifstofustjóra skrifstofu sviðsstjóra ÞON. Eigandi verkefnisins og verkefnastjóri eru upplýstir um framkvæmd.	EJ	
	Verkefni er úthlutað til verkefnastjóra á verkefnastofu ÞON	EJ	

Aftur í efnisyfirlit

Stafræn lausn til atkvæðagreiðslu í Borgarstjórn

Þann 09.11.2022 barst Þjónustu- og nýsköpunarsviði afgreiðslubréf frá Forsætisnefnd. Þar kemur fram að þann 14.10.2022 hafi nefndin samþykkt eftirfarandi tillögu:

„Forsætisnefnd samþykkir að fela þjónustu-og nýsköpunarsviði að útfæra stafræna lausn fyrir atkvæðagreiðslur og mælendaskrá á fundum borgarstjórnar.“

Verkefnaráð leggur til að verkefnið fari í greiningu og að hún verði unnin áfram af deildarstjóra verkefnastofu. Deildarstjóri verkefnastofu vinnur í samráði við stafrænan leiðtoga ráðhússins afgreiðslubréf til Forsætisnefndar. Afgreiðslubréfið skal unnið með lögfræðiteymi PON.

Ákveðið að verkefnið verði tekið aftur fyrir hjá verkefnaráði þegar greining á þörfum verkefnisins liggur fyrir.

Ákvarðanir

Nr.	Ákvörðun
1	Verkefnið sett í greiningu
2	Afgreiðslubréf sent til Forsætisnefndar
3	Verkefni fer aftur fyrir verkefnaráð þegar greiningu er lokið

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðili	Lokið
	Greining sett af stað og framkvæmd af hálfu deildarstjóra verkefnastofu	EJ	
	Deildarstjóri verkefnastofu vinnur í samráði við stafrænan leiðtoga ráðhússins afgreiðslubréf til Forsætisnefndar. Afgreiðslubréfið skal unnið með lögfræðiteymi PON.	EJ	
1.	Deildarstjóri verkefnastofu tekur verkefnið fyrir hjá verkefnaráði þegar greiningu er lokið	EJ	

Aftur í efnisyfirlit

Umræður

Ákvarðanir

Nr.	Ákvarðanir í umræðu
1	Engin frekari mál voru tekin fyrir á fundinum.

Næsti fundur

Næsti fundur, óákveðinn. Fundað eftir þörfum

Aftur í efnisyfirlit

ÁSETNINGUR

Fjárhagsleg ákvarðanataka um verkefni. Gangsetja eða stöðva verkefni. Ákvarðanataka um verkefni í vanda. Stuðningur, opin eyru og hugur.

ÆSKILEG ÚTKOMA

Ákvarðanir um verkefni sviðsins sem þörf er á að taka. Stuðningur við þau sem til okkar leita. Allir upplýstir og samstilltir.

DAGSKRÁ

Spjallmenn, í samstarfi

11:00 - 11:05 Uppstilling og yfirferð

11:05 - 10:20 Kynning

11:20-11:30 Umræður og ákvörðun

Stafræn lausn til atkvæðagreiðslu borgarstjórnar

11:30 - 11:35 Uppstilling og yfirferð

11:35 - 11:45 Kynning

11:45 - 11:55 Umræður og ákvörðun

12:00 Fundi slitið

REGLUR

Við erum á staðnum. Við hlustum og deilum ef upp kemur ágreiningur. Sviðsstjóri hefur tvö atkvæði. Við horfum gagnrýnum augum á ferlið.

HLUTVERK

Meðlimir verkefnaráðs taka ákvarðanir í sameiningu. Auðveldari leggur upp ákvarðanir, spyr spurninga og miðlar niðurstöðum. Gestir deila af valinkunninni sníld og sækja ákvarðanir eða stuðning.

TÍMI 15.11.2022 kl. 11:00 - 12:00

Þátttakendur:

Þróstur, Óskar, Arna, Friðbjófur, Edda, Ásta,